

Greinargerð með tillögum að breytingu á lögum Félags húsbílaeigenda, sem lagðar verða fram á aðalfundi 20. október 2024.

Almennt.

Á fundi þann 28.10.2023 var ákveðið að stjórn félagsins myndi skipa nefnd til að endurskoða lög félagsins. Var nefndinni m.a. falið að horfa til eftirfarandi:

- að fara yfir lögina og aðlaga þau að nýjum og breyttum kröfum samfélagsins.
- skerpa á atriðum sem talin voru ekki nógu skýr.

Nefndina skipuðu: Jóhann Sævar Kristbergsson, Sigríður Arna Arnþórsdóttir og Sævar Siggeirsson.

Nefndin leggur fram meðfylgjandi drög að breytingum á lögum félagsins og verður hér reynt að gera grein fyrir þeim forsendum og þeirri hugsun sem liggur að baki breytingatillögum.

Um 1. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í lið b) var bætt við hvar aðalfundur eigi að vera boðaður í samræmi við þá upplýsingagjöf sem notuð er í félaginu í dag. Í lið c) er árlegum gjalddaga félagsgjalda sem verið hefur 1. mars með eindagi 20. mars breytt í 1. febrúar með eindaga 20. febrúar til að útgáfa prentaða félagatalsins verði sem réttust.

Um 4. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Bættum við lið d) sem við teljum þörf á ef upp koma atvik þar sem félagsmaður sýnir af sér vítaverða háttsemi í orðum og/eða gjörðum gagnvart félaginu. Stjórn þarf að hafa stuðning í lögum félagsins til að takast á við erfið mál ef/þegar þau koma upp.

Um 7. gr.

Skipt niður í liði til að auka skýrleika.

Um 8. gr.

Breytt orðalag og uppsetning til einföldunar.

Um 9. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

c) „Af hljóðsnældu“ tekið út þar sem það á ekki lengur við í dag.

e) Upphæð bætt við sem tilgreinir leyfi greiðslna sem bera þarf undir stjórn.

f) Sett skýrt fram að einungis gjaldkeri og formaður hafi prókúru á reikning félagsins.

Um 12. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Bætt var inn í 13. gr. uppröðun bíla á tjaldsvæðum sem ferðanefnd sér um.

Um 14. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Nefndinni til aðstoðar og ráðleggingar var Soffía Eydís Björgvinsdóttir lögmaður og eigandi KPMG.